

Kaldavatnsborun á Húsafelli

Kristján Sæmundsson


Greinargerð KS-86-14

KALDAVATNSBORUN Á HÚSAFELLI

Að ósk Starfsmannafélags Íslenskra Aðalverktaka voru aðstæður vegna borunar eftir köldu vatni athugaðar þ. 4.júní s.l. Borstaður var valinn skammt suðaustur frá austustu bústöðunum. Skolpveita er ekki í sumarbústaðahverfinu og því var leitað frá bústöðunum örlítið upp í strauminn til að forðast mengun. Hraunið er samsett af nokkrum hraunlögum og var holan sett neðan við eina hraunbrúnina, m.a. til að komast hjá því að bora gegnum skil milli hraunlaga, en þau eru oft laus í sér og hrungjörn.

Holan var boruð dagana 13.-14. júní s.l. Við borunina var notað loft þannig að prófun fékkst á vatnsgæfni jafnóðum og borað var. Jarðlög eru sýnd á 1. mynd. Þétt hraun var frá 7,2 m í 22 m en mól frá 26 m í 30 m. Þar kom vatn í holuna, og var vatnsmagnið áætlað 15-20 l/s í loftblæstrinum. Vatnsborð stendur í kringum 12 m. Borun var hætt í 50 m. Holan er fóðruð með steypu 10 3/4" röri í 10,2 m. Stutt fóðring ætti ekki að koma að sök, þar sem fóðringin endar í þéttu hrauni. Neðan fóðringar er holan 6 1/4" víð. Þar sem holan stóð eftir borun var ekki átt við að fóðra hana frekar.

Þegar farið verður að nýta holuna er öruggast að hafa vatnsinntakið niðri undir 20 m. Fyrirhafnarminnst er að nota 4" borholudælu til að ná upp vatninu. Slíkar dælur afkasta um 7 l/s miðað við 15 m lyftihæð. Holan var hitamæld skömmu eftir borun og er niðurstaðan sýnd á 1.md. Hiti í vatnsæðinni er um 2,3°C.



12 m	3.1°C
20 m	2.4°C
30 m	2.3°C
40 m	2.9°C
50 m	3.1°C